

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Skólastjórafélags Íslands**

49. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands var haldinn föstudaginn 6. október 2023 vegna uppfærslu á heildarkjarasamingi frá 2023 til 2024. Samskipti fóru fram í tölvupóstum.

Á fundinum voru f.h. Sí, Þorsteinn Sæberg Sigurðsson. F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Rakel Guðmundsdóttir, Bjarni Ómar Haraldsson og Berglind Eva Ólafsdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Gildistími og upphæð í eftirfarandi greinum voru uppfærðar og hljóði svo:

1.3.1 Kennsluyfirvinna

Frá 1. október 2023 skal greiða öllum stjórnendum kr. 5.800 fyrir hverja 40 mínútur í kennsluyfirvinnu sem ekki er töfluset (innan þaks).

2.2.4 Yfirvinna skólastjóra og aðstoðarskólastjóra

Skólastjórar/aðstoðarskólastjórar fá greiðslur skv. sínum launaflokki fyrir töflusetta kennsluyfirvinnu upp að hámarkskenndu skv. gr. 1.2.2.

Öll yfirvinna sem ekki er töfluset greiðist með kr. 5.800 fyrir klst. frá 1. október 2023.

2.3.3 Yfirvinna deildarstjóra

Deildarstjórar fá greiðslur skv. sínum launaflokki fyrir töflusetta kennsluyfirvinnu upp að hámarkskenndu skv. gr. 1.2.2.

Öll yfirvinna sem ekki er töfluset greiðist með kr. 5.800 fyrir klst. frá 1. október 2023.

Fleira var ekki gert.